



Borgarráð

***Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – Erindi til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrirhugaðra bólusetninga 6-11 ára barna***

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi erindi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna bólusetninga 6-11 ára barna, þar sem óskað er eftir afnotum af skólahúsnæði sveitarfélaga fyrir bólusetningar, ásamt því að felld verði niður skólalald á fyrirhuguðum bólusetningardögum. Jafnframt er óskað eftir aðstoð starfsfólks skóla eftir því sem við á.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrirhugaðra bólusetninga 6-11 ára barna, dags. 3.1.2022.



Reykjavík 3. janúar 2022

**Erindi til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrirhugaðra bólusetninga 6-11 ára barna**

Erindi sent til:	Afrit sent til:
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi	Anna Birna Snæbjörnsdóttir, Sviðsstjóri menntasviðs, Kópavogi
Ásgerðu Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi	Baldur Pálsson, Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Seltjarnarnesi
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík	Helgi Grímsson, Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs, Reykjavík
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ	Eiríkur Björn Björgvinsson, Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ	G. Linda Udengård, Framkvæmdarstjóri fræðslusviðs, Mosfellsbæ
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði	Faney Dórothe Halldórsdóttir, Sviðsstjóri skólaskrifstofu, Hafnarfirði
Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almannafræðisins	Póra K. Ásgeirsdóttir, Deildarstjóri Almannafræðisins

Samkvæmt tilmælum sóttvarnarlæknis mun Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins bjóða foreldrum 6-11 ára barna að láta bólusetja börn sín fyrir Covid-19 nú í upphafi árs 2022.

Fyrirhugað er að bjóða upp á þessar bólusetningar í vikunni 10-14 janúar 2022 og síðan aftur, skammt nr tvö að 3-4 vikum liðnum (ákvörðun um lengd milli bólusetninga hefur ekki enn verið tekin).

Nú hafa viðkomandi heilsugæslustöðvar og skólahjúkrunarfræðingar verið í samskiptum við skólastjórnendur um mögulegar útfærslur í hverjum skóla fyrir sig og er áætlun tilbúin fyrir alla skólana.

Hér með óskar Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins eftir því að:

- Fá afnot af skólahúsnæði ykkar sveitarfélaga í einn dag fyrir hverja bólusetningu (samtals 2 daga fyrir hvern skóla).
- Felld verði niður skólahald þessa bólusetningardaga (samtals 2 dagar felldir niður í hverjum skóla).
- Fá aðstoð starfsfólks ykkar í skólunum á bólusetningardögum eftir því sem þurfa þykir og eftir aðstæðum í hverjum skóla t.d. við að stýra flæði fólks.

*Með vinsemd og virðingu og þökk fyrir stuðning í þessu flókna og viðkvæma verkefni*

*Óskar Reykdalsson, forstjóri, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*

*Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdarstjóri hjúkrunar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*

*Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdarstjóri lækningar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins*